

AUGLÝSING

(XI) um staðfestingu reglna sveitarfélaga um úthlutun byggðakvóta.

1. gr.

Með vísan til 2. og 3. gr. reglugerðar nr. 605, 24. júní 2008, með síðari breytingum, um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðíárinu 2007/2008 staðfestir ráðuneytið sérstök skilyrði vegna úthlutunar aflaheimilda í eftirfarandi sveitarfélagi:

Sveitarfélagið Skagafjörður.

Ákvæði reglugerðar nr. 605 frá 24. júní 2008, með síðari breytingum, gilda um úthlutun byggðakvóta Sveitarfélagsins Skagafjarðar með eftirfarandi viðauka/breytingum:

Byggðakvóta Hofsóss, 30 þorskígildistönum og byggðakvóta Skagafjarðar 38 þorskígildistönum skal úthlutað á skip sem uppfylla skilyrði reglugerðarinnar á Hofsósi.

Byggðakvóta Sauðárkróks, 70 þorskígildistönum skal úthlutað á skip sem uppfylla skilyrði reglugerðarinnar á Sauðárkróki.

Ákvæði 4. gr. um 15 þorskígildistonna hámark gildir ekki fyrir sveitarfélagið.

1. mgr. 6. gr. breytist þannig: Fiskiskipum er skylt að landa innan hlutaðeigandi byggðarlaga afla sem nemur... o.s.frv.

2. gr.

Auglýsing þessi, sem birt er samkvæmt heimild í 5. mgr. 10. gr. laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, 22. apríl 2009.

F. h. r.

Hinrik Greipsson.

Pórður Eyþórsson.

B-deild – Útgáfud.: 24. apríl 2009